



## Reglur um starfsmannastyrk Fjarðabyggðar

Fjarðabyggð styrkir starfsfólk sitt árlega til eflingar í leik og starfi í samræmi við áherslur mannauðsstefnu um að viðhalda andlegri og líkamlegri velferð.

Styrkur er veittur árlega í desember ár hvert til starfsmanna í starfi hjá sveitarfélaginu eftir nánari skilgreiningu. Starfsmaður telst í starfi sé hann á launaskrá með greidd laun.

Veittur er fullur styrkur til þeirra sem eru ráðnir ótímabundið í fast starfshlutfall og þeirra starfsmanna í tímavinnu sem ráðnir eru ótímabundið og vinna reglubundin störf á ársgrundvelli. Miðað er við að unnir tímar séu að meðaltali ekki færri en 20 á mánuði. Styrkur er jafnframt veittur starfsmönnum í fæðingarorlofi og námsleyfum.

Þeir starfsmenn sem hefja störf á tímabilinu frá janúar til loka september og falla undir ofangreind viðmið er veittur fullur styrkur um leið og þeir hefja störf. Starfsmenn sem ráðnir eru tímabundið til lengri tíma en fjögurra mánaða njóta einnig styrksins á sömu forsendum. Starfsmenn sem eru við störf í desember og ráðnir eru tímabundið til lengri tíma en eins mánaðar er veittur fullur styrkur.

Starfsfólk Fjarðabyggðar og samstæðu njóta styrksins ásamt starfsfólks hjúkrunarheimilanna Hulduhlíðar og Uppsala. Styrkur er veittur starfsfólki í fæðingarorlofi og námsleyfum.

Styrkinn er hægt að nýta til afsláttá og niðurgreiðslu eftirfarandi heilsueflingar og áhugamála starfsmanna:

- a) Korta í sundlaugar Fjarðabyggðar
- b) Korta í skíðamiðstöðina Oddsskarði
- c) Korta í líkamsræktarstöðvar í Fjarðabyggð
- d) Námskeiða vegna áhugamála og fræðslu
- e) Heilsutengdra námskeiða
- f) Árgjalda til félagasamtaka sem stuðla að útivist og hreyfingu
- g) Þátttöku í heilsutengdum hóptímum

Styrkur er ekki veittur til ferðakostnaðar eða upphalds né efnis- og fatakaupa.

Styrkurinn er veittur í formi handhafabréfs og á að nýtast starfsmanninum sjálfum. Starfsmaður framvísar frumriti styrkbréfs til þjónustusala. Þjónustusali fyllir út upplýsingar um selda þjónustu, hvaða tegund heilsueflingar eða fræðslu sé ástunduð sem og heildarverð fyrir einstakling og ráðstöfun styrksins. Handhafabréf og formlegur reikningur er svo sendur sveitarfélaginu til greiðslu. Styrkur er ekki greiddur beint til starfsmanns.

Styrkfjárhæð tekur mið af fjárveitingu sveitarfélagsins til heilsueflingar starfsfólks.

  
Gunnar Jónsson  
staðgengill bæjarstjóra  
Fjarðabyggð  
Fjarðarstjóri